

Aðalfundur Völsungs

11.7.2019

Vallarhúsi

kl: 20:00

Mætt úr aðalstjórn: Hallgrímur Jónsson, Bergþóra Höskuldsdóttir, Heiða Elín Aðalsteinsdóttir, Jóna Björk Gunnarsdóttir, Lilja Friðriksdóttir og Jónas Halldór Friðriksson framkvæmdastjóri.

Einnig eru mættir 5 félagsmenn.

1. Formaður setur fundinn

Hallgrímur Jónsson kemur upp, býður fundargesti velkomna og setur fundinn formlega.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Hallgrímur kemur upp og leggur til að Linda Margrét Baldursdóttir verði fundarstjóri og Jóna Björk Gunnarsdóttir verði fundarritari.

Samþykkt samhljóða.

Linda þakkar Hallgrími fyrir og tekur því næst við stjórn fundarins.

3. Skýrsla stjórnar

Hallgrímur kemur upp og fer yfir skýrslu stjórnar. Hann nefnir sérstaklega aukið umfang og að velta félagsins sé kominn í 100 milljónir. Hann bendir á að skýrslan verði aðgengileg á heimasíðu félagsins og allir félagsmenn geti fengið hana senda óski þeir eftir því.

Umræður. Komið inn á hversu mikið starfið er og hve margt gott er í gangi. Einnig hversu erfiður reksturinn er og samningamál við sveitarfélagið. Fyrirspurn um afreksstyrki frá sveitarfélaginu, sem ekki komu í gegn. Rætt hvernig gengur að fá fólk til starfa innan félagsins sem oft reynist þrautin þyngri, sem og að fá styrki. Ekki allir sem átta sig á umfangi félagsins þrátt fyrir miklar kröfur á það, umræðan „úti bæ“. Mikið breyst síðustu ár. Hvað varðar styrki þá eru allir að berjast um sama bitann. Aðalstjórn vill ekki vera að berjast um sömu bitana og deildirnar. Viljum hafa félagsaðstöðuna opna fyrir fólki í bænum, fá fólk til að spjalla og hafa áhrif.

Spurt um skíðadeild, sem hefur ekki verið virk í þó nokkur ár. Umræða um skíðasvæðið sem er í bígerð.

4. Ársreikningar lagðir fram

Hallgrímur kemur upp og fer yfir lykiltölur úr ársreikningi Völsungs. Reikningurinn verður aðgengilegur á heimasíðu félagsins.

Umræður. Hagnaður meistaraflokkanna ræddur og útskýrður. Tap Húsavíkurvallar rætt. Fyrirspurn um aukningu á viðskiptaskuld á efnahagsreikningi milli ára, sem er að langstærstum hluta greiðsludreifing æfingagjalda.

Ársreikningur samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

5. Lagabreytingar

Fyrir fundinum liggur breyting á samþykktum almenningsíþróttadeildar.

Heiðar Halldórsson fer yfir málefni almenningsíþróttadeildar. Deildin stofnuð 2015 og leyft að þróast. Meira um að vera í deildinni en áður. Félagsskapur hjólreiðamanna að fá leyfi til að leggja braut frá fyrirhuguðu skíðasvæði og fleiri hugmyndir uppi á borðinu hjá þeim. Flestar undirdeildir þó fámennar, sem gerir erfitt fyrir og því hugmyndin að stofna „bandalag“ og hver hópur með kannski einn viðburð á ári. Markmið að auka fjölbreytnina og hjálpast að.

Heiðari þakkað fyrir erindið og fundargestum boðið að gera athugasemdir.

Fundurinn lýsir ánægju með áhugavert framtak. Vangaveltur um rafíþróttadeild og hver staðan er hjá Völsungi í þeim málum. Hægt að ná til breiðari hóps. Önnur íþróttafélög farin að stofna rafíþróttadeildir. Hugsunin að ná til krakkanna sem eru að spila, ná þeim út og hittast og spila. Eftirlit, æfingar, næring.

Breytingin borin upp til samþykktar. Fundurinn samþykkir samhljóða.

6. Árgjöld

Jónas Halldór kemur upp og leggur fram tillögu stjórnar um óbreytt félagsgjald.

Hann fer yfir að stjórnin ætli að gefa út félagskort sem muni veita afslátt hjá ýmsum fyrirtækum í bænum.

Umræður. Félagsgjaldið verið óbreytt í nokkur ár. 3000 kr. Reynt hefur verið að hækka en þá sáust afföll. Markmiðið að fleiri sjái sér hag í að vera félagsmenn í Völsungi.

Árgjald 3000 kr. samþykkt samhljóða.

7. Kosið í stjórn + endurskoðendur reikninga

Kosning í stjórn Völsungs.

Tillaga stjórnar:

Formaður: Bergþóra Höskuldsdóttir

Samþykkt samhljóða.

Aðrir í stjórn: Hallgrímur Jónsson, Jóna Björk Gunnarsdóttir, Lilja Friðriksdóttir, Heiða Elín Aðalsteinsdóttir, Davíð Þórólfsson (varamaður) og Björgvin Sigurðsson (varamaður)

Samþykkt samhljóða.

Aðalstjórn Völsungs leggur til að PWC verði endurskoðandi félagsins áfram.

Samþykkt samhljóða.

8. Starfsnefndir

Jónas kemur upp og ber upp tillögu aðalstjórnar um að skipa starfshóp þriggja félagsmanna sem fái það hlutverk að endurskoða lög félagsins og leggja fram á aðalfundi félagsins 2020. Lagt er til að stjórn félagsins fái heimild til að skipa starfshópinn.

Samþykkt samhljóða að Völsungur fái heimild til að skipa starfshóp.

9. Önnur mál

Bardagaípróttadeildin til umræðu, hvort hún muni starfa áfram nú þegar Trausti er fluttur. Það mál er í vinnslu.

Hið mikilvæga hlutverk Völsungs í samfélaginu rætt í tengslum við fámenni á aðalfundi. Lítur fólk á þjónustu Völsungs sem sjálfsagðan hlut? Upplýsingaflæði mikilvægt og eins að tölur í ársreikningum séu aðgengilegar.

Aðgengi að íþróttahúsinu rætt. Jafnt aðgengi? Dæmi um að sumir fái neitun en aðrir jákvætt svar, t.d. á rauðum dögum. Möguleiki á að íþróttahöllin sé eitthvað opin á sumrin. Óskað eftir liðsinni aðalstjórnar. Væri hægt að hafa opið nokkra klst á dag og fólk gæti skráð sig niður á tíma?

Völsungur TV á YouTube. Hverra er það? Væri hægt að gera meira með þetta. Auglýsingatekjur. Starfsmaður.

Ósk um að vanda framsetningu og orðalag svo það sé skýrt t.d. hvort um sé að ræða mfl. í knattspyrnu eða blaki.